

Handleiðsla er sjálfsagður hlutur í nútíma starfsumhverfi

Eftir Sveindísi Önnu Jóhannsdóttur

Eftir Sveindísi Önnu Jóhannsdóttur: "Rannsóknir á handleiðslu sýna að hún eykur starfsánægju, stöðuleika í starfsmannahaldi, skipulögð vinnubrögð, ábyrgðarkennd, árangur í starfi og tryggð við vinnustað, að unnið sé eftir gildum og markmiðum."



Sveindís Anna Jóhannsdóttir

Handleiðsla er gagnreynd forvörn gegn streitu og kulnun í starfi en einnig brýningartæki fagmannsins til að þróa nýjar hugmyndir eða skerpa á vinnubrögðum. Til að koma í veg fyrir að vinnutengd streita valdi heilsutjóni hjá einstaklingum og kosti fyrirtæki, stofnanir og almannatryggingakerfið háar fjárhæðir bæði beint og óbeint er nauðsynlegt að huga enn betur að forvörnum en hingað til hefur verið gert. Hugað er að vinnuumhverfi starfsmanna á margvíslegan hátt. Stillanlegir skrifborðsstólar og stillanleg borð eru hlutir sem margir þekkja og eru til þess hannaðir að létta álag við vinnu. Að skiptast á að koma með góðgæti með kaffinu eða fara af og til í hópefli eru einnig vel þekktar leiðir til að skapa jákvæða vinnustaðarmenningu. Sveigjanlegur vinnutími og fjölskyldustefna eru einnig liðir í að bæta vinnuumhverfi og gera starfsmönnum auðveldara að samræma vinnu og einkalíf. Þrátt fyrir ýmiss konar stuðning, bæði tæknilegan og sálfélagslegan, þá er það staðreynd að á hverju ári hverfur fólk af vinnumarkaði vegna streitu og kulnunar. Langvarandi streita hefur ekki bara starfstengd áhrif heldur einnig á einkalíf starfsmanna og almenna getu til að fást við lífið og tilveruna. Ingibjörg H. Jónsdóttir hjá Streiturannsóknarstofnun Svíþjóðar hefur bent á að kynjamunur er ekki á hvort konur eða karlar upplifi streitu. Ef aðstæður á vinnustað eru ófullnægjandi þá breytir engu hvort það er karl eða kona í starfinu en svo virðist sem vinnuaðstæður kvennastétta (t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa) séu með þeim hætti að heilsu þeirra stafi ógn af og sjúkrasjóðir óðum að tæmast.

Nýlega fékk ég sjálfvirkan tölvupóst frá póstkerfinu sem ég nota þar sem mér var bent á nýjan valmöguleika til að skipuleggja vinnudaginn minn betur með því að taka frá allt að tveimur tímum á dag í „focus time“, þ.e. að taka frá tíma daglega til að einbeita mér að þeim málum sem eru mikilvægust hverju sinni. Í handleiðslu gerum við það sama, tökum frá tíma (allt frá vikulega upp í mánaðarlega) þar sem við ígrundum og ræðum á faglegan hátt með sérfræðingi (sérmenntuðum handleiðara) um vinnuna, málin sem við erum að fást við, samskipti og hvernig okkur líður í vinnunni. Rannsóknir á handleiðslu sýna að hún eykur starfsánægju, stöðuleika í starfsmannahaldi, skipulögð vinnubrögð, ábyrgðarkennd, árangur í starfi og tryggð við vinnustað, að unnið sé eftir gildum og markmiðum. Rannsóknir sýna einnig að ígrundunarþátturinn ásamt sjálfu handleiðslusambandinu eru verndandi þættir en handleiðsla leiðir einnig til betri árangursmælinga og hæfni starfsmanna, aukinnar ánægju í þjónustukönnunum, færri kvartana og valdeflingar bæði til handleiðsluþega og þeirra sem hann þjónustar. Nokkrar tegundir eru til af handleiðslu (s.s. einstaklingshandleiðsla, hóphandleiðsla, teymishandleiðsla, stjórnunarhandleiðsla, fjarhandleiðsla o.fl.) og þarf að meta hverju sinni hvaða tegund hentar best. Matið þarf að byggjast á faglegum forsendum en ekki efnahagslegum eða skorti á tíma.

Handleiðsla ætti að vera jafn sjálfsögð sem verndandi þáttur á sviði félagslegrar vinnuverndar og til að tryggja gæði þjónustu og góður skrifboðsstóll eða stillanleg skrifborð eru til að tryggja rétta líkamsbeitingu í vinnunni.

Vika handleiðslunnar er haldin hátíðleg hér á Íslandi 22.-26. júní og áherslan í ár er á skilaboð til almennings og að nýta rafræna miðlun vegna takmarkana á samkomum. Nýtt efni verður birt daglega á heimasíðu félagsins (handleidsla.is) sem og á Facebook-síðunni Handís.

Að lokum óska ég Handleiðslufélagi Íslands til hamingju með 20 ára afmælið 23. júní og vonast til að sjá sem flesta sem láta félagslega vinnuvernd sig varða á ráðstefnu félagsins sem frestað hefur verið fram í maí árið 2021 sökum alheimsfaraldurs.

Höfundur er félagsráðgjafi og handleiðari. sveindis@felagsradgjafinn.is